

**Bókun við ársskýrslu Fuglahundadeildar sem lögð er fram á ársfundi deildarinnar þann 30. apríl 2018.**

Undirrituð er ekki sátt við orðalag, eða umfjöllun um samskipti stjórnar deildarinnar við stjórn HRFÍ hvað varðar meginlandshundaprófin. Þær athugasemdir sem ég hef eru (texti úr skýrslu er skástrikaður) :

1. *"Þrír hundar lukum báðum hlutum prófsins með einkunn miðað við reglur SKF sem er fullgilt FCI próf, sem þó verður ekki skráð í gagnagrunn HRFÍ, þar sem stjórn HRFÍ sér sér ekki fært að samþykkja prófið"* Sótt var um þetta próf sem opið próf og var það auglýst sem slíkt og alveg ljóst áður en prófið var haldið að einkunnir færu ekki í gagnagrunn. Þessi texti á sér því ekki stoð.
2. *"Ítrekað hefur verið sótt um að halda meginlandshundapróf á komandi starfsári til einkunna. Þeirri bón hefur jafn oft verið hafnað þar sem stjórn HRFÍ telur sig ekki hafa vald til þess að samþykkja slíkt próf"* Það er rétt að sama umsóknin hefur verið send ítrekað til stjórnar HRFÍ, svarið sem stjórn deildarinnar fékk var mjög skýrt, innan HRFÍ eru gildandi veiðiprófareglur fyrir tegundahóp 7 og eðlilegt að reglur fyrir þessi próf, eins og önnur próf fyrir standandi fuglahunda, fari þar undir. Stjórn HRFÍ benti á að eðlilegast væri að reglur fyrir meginlandshundaprófin færu fyrir endurskoðunarnefnd veiðiprófa og þar yrði ákveðið hvernig framkvæmdin yrði, en endurskoða á veiðiprófareglur fyrir tegundahóp 7 núna í ár.
3. *"Það er því undir ákvörðun annarra félaga í HRFÍ sem ekki hafa þátttökurétt í meginlandshundaprófi að koma að ákvörðun um það hvort í boði verða slík próf á Íslandi"* Þarna er líklega verið að vísa í það að reglurnar þurfa að fara fyrir veiðiprófanefndina, en þar eiga allar fjórar deildirnar fulltrúa.

Stjórn FHD hefði mátt vera ljóst að þyrfti að þýða og staðfæra reglur fyrir meginlandshundaprófin og hefði verið tilvalið að nýta þetta ár endunarskoðunar til að bæta þessum reglum inn í regluverk HRFÍ fyrir veiðipróf standandi fuglahunda. Hluti stjórnar bauð fram krafta sína við þýðingarnar en því var hafnað af meirihluta stjórnar. Ég vona að ný stjórn FHD, taki málið upp og vinni reglur fyrir próf sem henta betur mörgum meginlandshundategundum.

Lagt fram á ársfundi Fuglahundadeildar, sem haldinn var 30. apríl 2018

  
Guðbjörg Guðmundsdóttir, stjórnarmeðlimur í FHD